

Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2023  
Tilvísun: 202305003 / 2.0

## Efni: Umsögn um Grænbók um sjálfbært Ísland

Vísað er til kynningar á drögum að grænbók um sjálfbært Ísland í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. mál nr. 82/2023.

Skipulagsstofnun hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingu á framfæri:

Í kafla 3.3.7 er fjallað um verkefni innviðaráðuneytisins. Í kaflanum er vikið að mikilvægi skipulags í tengslum við sjálfbæra þróun. Skipulagsstofnun tekur undir það og leggur áherslu á að ákvarðanir um nýtingu lands og sjávar byggja á skipulagi hvort sem það er ákvörðun um hvernig ný byggð er útfærð, ákvarðanir um innviðaframkvæmdir eða nýtingu auðlinda jarðar. Það er því mikilvægt að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við alla skipulagsgerð en bæði skipulagslög og lög um skipulag haf- og strandsvæða kveða á um að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við gerð skipulags.

Í þessu samhengi bendir Skipulagsstofnun á að í mars 2023 staðfesti innviðaráðherra Strandsvæðisskipulag Vestfjarða og Austfjarða og voru auglýsingar um staðfestingarnar birtar í B-deild Stjórnartíðinda sama mánuð. Í kafla 2 í greinargerð skipulagsins fyrir hvorn fjörðinn fyrir sig er að finna umfjöllun um leiðarljós.<sup>1</sup> Eitt af leiðarljósum skipulagsáætlanna tveggja er „sjálfbær þróun, heildarsýn á málefni hafsins og vistkerfisnálgun.“ Um leiðarsljósið segir að skipulagsákvarðanir feli í sér ráðstöfun svæða og auðlinda til ólíkrar nýtingar, oft til langs tíma og jafnvel varanlega. Mikilvægt sé því að stefna og framfylgd skipulaganna miði að sjálfbærri þróun. Þá er bent á að eitt af leiðarljósum Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sjálfbær þróun en þar segir:

„Skipulag byggðar og landnotkunar getur stuðlað að sjálfbærri þróun með margvíslegum hætti. Með skipulagsákvörðunum er tekin afstaða til þess hvernig landi verði ráðstafað, þar á meðal teknar ákvarðanir um staðsetningu, form og fyrirkomulag nýrrar byggðar og svo mætti áfram telja. Skipulagsákvarðanir fela í sér ráðstöfun lands og auðlinda til langs tíma, oft varanlega, og geta þannig stuðlað að sjálfbærri þróun með því t.d. að stuðla að varðveislu náttúru- og menningargæða og sjálfbærri nýtingu auðlinda og með því að draga úr ferðaþörf og gefa kost á fjölbreyttum ferðamátum. Því er gert ráð fyrir að sjálfbær þróun verði leiðarstef fyrir öll viðfangsefni landsskipulagsstefnu“.

Innviðaráðherra hefur ákveðið að endurskoða landsskipulagsstefnu og er sú vinna háfin í ráðuneytinu.

  
Ester Anna Ármannsdóttir

  
Ottó Björgvin Óskarsson

<sup>1</sup> Hægt er að nálgast greinargerðirnar á þessari slóð: [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is)

